

Alþingi
Eriundi nr. P 140/93
komudagur 4.11.2011



Akureyri 04.11.2011

Atvinnuveganefnd Alþingis

Efni: Athugasemdir vegna tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi.

Norðurlandsskógar fagna fram kominni tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi. Í skýrslunni eru margar brýnar og góðar tillögur lagðar fram um sóknarfæri íslensks atvinnulífs á sviði grænnar atvinnusköpunar.

Nefndinni sem vann skýrsluna sem þingsályktunin byggir á hefur þó sést yfir mikilvægan þátt í þessu samhengi. Skógrækt er aðeins lauslega nefnd einu sinni á nafn í þessari umfangsmiklu skýrslu og þá í umfjöllun um verndun náttúruauðlinda.

Í þingsályktun þeirri sem alþingi samþykkti 10. júní 2010 og fjallað er um skipan og verksvið nefndarinnar segir m.a. *Skoðaðir verði sérstaklega snertifletir milli landbúnaðar og umhverfismála með áherslu á bændur sem vörslumenn landgæða. Þar má nefna verkefni sem tengjast endurheimt votlendis, bættu ræktunarmenningu, bindingu kolefnis, aðgerðir til að draga úr jarðvegseyðingu, menningarlandslag o.fl.* Einnig er lögð áhersla á að þess verði gætt að samþætta tillögur nefndarinnar við ýmsar áætlanir stjórnvalda sem tengjast atvinnu- og umhverfismálum

Í ljósi þessa er óskiljanlegt að nefndin hafi ekki haft neitt samráð við Landshlutaverkefnið í skógrækt og fjalli á engan hátt um þá gríðarlegu möguleika sem felast í skógrækt á Íslandi.

Hér verða ekki rakin frekar þau áhrif sem Landshlutaverkefnið hafa þegar haft á loftslagsmál og atvinnumál, og þeir miklu möguleikar sem við blasa og falla vel að grænni atvinnusköpun.


Bent skal á aðgerðaráætlun í loftslagsmálum sem ríkisstjórn Íslands samþykkti á síðasta ári, en þar er skógrækt ein af lykilaðgerðum til bindingar kolefnis
http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Adgerdaaaetlun-i-loftslagsmalum.pdf



Einnig skal bent á skýrslu sem starfshópur á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins skilaði í lok síðasta árs, en þar kemur ótvírætt fram árangur Landshlutaverkefnanna á sviði grænnar atvinnusköpunar.
<http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/utgefid-efni/nr/10273>

Norðurlandsskógar skora á atvinnuveganefnd að bæta skógrækt við sem einum af fýsilegustu möguleikum til uppbyggingar græna hagkerfisins á Íslandi.

F.h. Norðurlandsskóga


Valgerður Jónsdóttir
Framkvæmdastjóri

